

2102115

05.51

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

**Samstarfssamningur Garðabæjar
við Sigurð Flosason vegna Jazzhátíðar í Garðabæ**

1. gr.

Samningur þessi er um samstarf Sigurðar Flosasonar, kt. 220164-5359 og Garðabæjar vegna skipulagningar og framkvæmdar árlegrar Jazzhátíðar Garðabæjar á árunum 2021-2022.

Markmiðið með samningnum er að efla Jazzhátíð Garðabæjar og styðja við fjölbreytt menningarlíf í Garðabæ.

2. gr.

Sigurður Flosason skuldbindur sig til að skipuleggja árlega jazzhátíð á framangreindu árabili í samstarfi við menningarfulltrúa og menningar- og safnanefnd Garðabæjar.

Verkefnið felst í skipulagningu og framkvæmd Jazzhátíðar bæjarins með hliðsjón af samþykktum fjárveitingum í fjárhagsáætlun Garðabæjar.

Nánara samkomulag um útfærslu hátíðarinnar skal rætt í menningar- og safnanefnd Garðabæjar í upphafi hvers árs.

3. gr.

Garðabær greiðir Sigurði Flosasyni 200.000 kr. á ári fyrir skipulagningu og framkvæmd Jazzhátíðar Garðabæjar árin 2021 og 2022 með fyrirvara um samþykkt fjárveitingar í fjárhagsáætlun Garðabæjar og samkomulags, skv. 2. gr.

Fjárframlag ársins skal greitt í einu lagi, í marsmánuði hvors árs.

4. gr.

Samningur þessi gildir vegna skipulagningar og framkvæmdar á Jazzhátíð Garðabæjar á árunum 2021-2022.

Aðilar munu fyrir árslok 2022 taka upp viðræður um framhald verkefnisins og hugsanlega framlengingu samningsins.

Garðabæ, 26. mars 2021

Gunnar Einarsson, bærarstjóri

Sigurður Flosason

Yottar: